

150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingar á ýmsum lögum á málefnasviði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra vegna einföldunar regluverks og stjórnsýslu (lög á sviði landbúnaðar og matvæla)

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, með síðari breytingum.

1. gr.

Svofelldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. 2. mgr. orðast svo: Þeir einir mega stunda dýralækningar hér á landi sem hlotið hafa til þess leyfi Matvælastofnunar. Ráðherra setur nánari fyrirmæli í reglugerð.
- b. 1. málslíður 3. mgr. fellur brott.
- c. 6. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Matvælastofnun er heimilt að fela dýralæknanemum á síðari hluta námsferils að gegna tímabundið ákveðnum dýralæknastörfum undir stjórn dýralæknis.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

2. gr.

Á eftir orðunum „af völdum útbreiðslu þessara sjúkdóma“ í 8. gr. kemur: og annarra áður óþekktu sjúkdóma.

III. KAFLI

Breyting á búvörulögum nr. 99/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

Svofelldar breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Tilnefningu fulltrúa í verðlagsnefnd skal lokið 15. júní ár hvert“ í 7. mgr. kemur: Verðlagsnefnd skal skipuð til fjögurra ára í senn.
- b. Lokamálsliður 7. mgr. fellur brott.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða pakka hér á landi áburði, sáðvörum, lyfjablönduðu fóðri, fóðuraukefnum og forblöndun þeirra og fóðri sem flutt er inn frá ríkjum utan EES-svæðisins, nema tilkynna þær og skrá hjá Matvælastofnun sem staðfestir skráningu vörunnar.

Matvælastofnun skal aðeins skrá vörur er þeim hefur verið lýst á fullnægjandi hátt.

Framleiðendum og innflytjendum er skylt að tilkynna til Matvælastofnunar heildarmagn innflutts og framleidds fóðurs á undangengnu ári fyrir 1. febrúar hvers árs.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða upplýsingar skulu fylgja vörum sem lög þessi ná yfir og kröfur um merkingar og lýsingu á notkun einstakra vöruflokka.

Fóður-, áburðar og sáðvöruvafyrirtæki sem skráir vöru hjá Matvælastofnun er ábyrgt fyrir því að efnainnihald eða eiginleikar vörunnar séu í samræmi við skráða vörulýsingu og ber að veita allar nauðsynlegar upplýsingar vegna vörulýsingarinnar.

V. KAFLI

Breyting á lögum um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum.

5. gr.

Svofelldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Orðin „til tiltekins tíma“ í fyrsta málslíð 2. mgr. falla brott.
- b. Orðin „áður en gildistími þess er liðinn“ í lokamálslíð 2. mgr. falla brott.
- c. Orðið „gildistími“ í 4. mgr. fellur brott.
- d. Í stað orðsins „ráðherra“ í 5. mgr. 9. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.
- e. Á eftir 4. másl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Frumframleiðsla matvælafyrirtækja sem starfrækja fiskeldisstöðvar og eru með gilt rekstrarleyfi skv. lögum um fiskeldi þarfnast ekki starfleyfis eða tilkynningar til Matvælastofnunar áður en hún hefst.

6. gr.

Svofelldar breytingar verða á 6. mgr. 25. gr. laganna (svo sem greininni var breytt með ákvæðum laga nr. 144/2019):

- a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málslíð og 3. málslíð komi: Matvælastofnun.
- b. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 2. málslíð komi: stofnunarinnar
- c. Í stað orðsins „honum“ í 2. málslíð komi: ráðherra.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013, með síðari breytingum.

7. gr.

Orðin „og skulu þær staðfestar af ráðherra“ í 4. mgr. 7. gr. falla brott.

8. gr.

- a. 4. másl. 2. mgr. 21. gr. fellur brott.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

9. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Fjallskilasamþykktir öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum nema hafi að geyma sérstök ákvæði um gildistöku.

10. gr.

Svofelldar breytingar verða á 63. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Lömb skulu eyrnamörkuð fyrir lok 12. viku sumars“ í 1. mgr. 63. gr. komi: Heimilt er að eyrnamarka lömb og skal þá miðað við að þau séu eyrnamörkuð fyrir lok 12. viku sumars.

11. gr.

Svofelldar breytingar verða á 66. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum “Bændasamtökum Íslands” í 3. mgr. 66. gr. laganna kemur: “eða öðrum aðila”.
- b. Orðin „af starfi Bændasamtaka Íslands“ í 3. mgr. 66. gr. falla brott.

12. gr.

Svofelldar breytingar verða á 68. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins “sauðfjársjúkdómanefnd” í 2. mgr. kemur “Matvælastofnun”.
- b. Í stað orðanna „eða markaverðir verða ekki sammála um úrlausn máls, skal vísa málinu til úrskurðar hjá markanefnd“ komi: skulu markaverðir skera úr ágreiningi.
- c. Í stað orðanna „umboðsmaður hans eða markavörður sama umdæmis, skotið málinu til úrskurðar markanefndar“ í b. lið 4. mgr. 68. gr. komi: „skotið málinu undir úrskurð markavarðar.“
- d. Í stað orðsins „nefndarinnar“ í b. lið 4. mgr. 68. gr. komi: markavörður.
- e. Í stað orðsins „markanefndar“ í c. lið 4. mgr. 68. gr. komi: markavarðar.
- f. Í c-lið 4. mgr. 68. gr. laganna falla brott orðin “eða úrskurða markanefndar”.

13.

Svofelldar breytingar verða á 69. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna “heimilt að skjóta til markanefndar innan 45 daga frá því að ákvörðun var sannanlega tilkynnt hlutaðeiganda. Ef hann áfrýjar skal hann greiða gjald sem ráðherra ákveður með auglýsingu“ komi: ekki unnt að bera undir úrskurð ráðherra.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur „Matvælastofnun”.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt, með síðari breytingum.

15. gr.

- a. Í stað orðsins „yrkisréttarnefnd“/„yrkisréttarnefndar“ í 1. mgr. 1. gr., 1. og 5. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 5. gr., í tvígang í 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 9. gr, 1. og 2. mgr. 10. gr., 4. mgr. 11. gr., 1. mgr. 12. gr., 13. gr., 1. og 2. mgr. 14. gr., 15. gr., 19. gr., 21. gr. laganna kemur „Matvælastofnun“ í viðeigandi beygingarmynd.
- b. Í stað orðsins „nefndin“ í 2. og 3. mgr. 7. gr., 1. mgr. 13. gr., b-lið 4. tl. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur „stofnunin“
- c. Í stað orðsins „nefndarinnar“ í 2. mgr. 9. gr., 2. mgr. 10. gr., 4. tl. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur „stofnunarinnar“.
- d. Í stað orðsins „nefndina“ í 1. tl. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur „stofnunina“.
- e. Í stað orðsins „nefndinni“ í a-lið 4. tl. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur „stofnuninni“.
- f. 22.-23. laganna falla brott.
- g. Matvælastofnun skal hafa aðgang að þekkingu á hugverkarétti og ræktun og kynbótum nytjaplantna.

X. KAFLI

Brottfall laga í heild sinni.

16. gr.

Eftirgreind lög falla úr gildi:

1. Lög nr. 79/1935, um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenskra afurða.
2. Lög nr. 123/1935, um gelding húsdýra.
3. Lög nr. 20/1943, um búfjártryggingar.
4. Lög nr. 30/1947, um að tryggja manneldisgildi hveitis.
5. Lög nr. 15/1962, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.
6. Lög nr. 31/1969, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.
7. Lög nr. 105/1978, um greiðslu verðjöfnunargjalds af sauðfjárafurðum.
8. Lög nr. 33/1979, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.
9. Lög nr. 112/1989, um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.
10. Lög nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull.
11. Lög nr. 130/1994, um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda.
12. Lög nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.
13. Lög nr. 52/2005, um gæðamat á æðardúni.

XI. KAFLI

Gildistaka

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð

1. Inngangur.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum í því skyni að einfalda regluverk á sviði landbúnaðar og matvæla. Í frumvarpinu er lagt til að felldir verði brott 13 lagabálkar í heild sinni. Um er að ræða lög sem eru úrelt eða hafa þjónað tilgangi sínum og rétt er að fella brott en æskilegt er að lög sem ekki eru til neinna þarfa verði felld brott úr Lagasafninu. Það þykir til einföldunar auk þess sem það er til þess fallið að efla réttarvissu. Með frumvarpinu er lagt til að nefndum verði fækkað í því skyni að einfalda stjórnslu og auka skilvirkni. Þá er lagt til að felld verði brott lögbundin flokkunarkerfi og matskerfi og það verði í höndum framleiðenda að tryggja gæði framleiðslu sinnar.

Í frumvarpinu er lagt til að milliganga ráðuneytisins verði afnumin í tilteknum tilvikum í því skyni að stytta boðleiðir þar sem framangreind milliganga þykir til þess fallin að flækja stjórnslu. Auk þess er í frumvarpinu lagt til að stjórnslu við merkingar sauðfjár verði einfölduð t.d. með afnámi markanefndar. Með frumvarpinu er einnig lagt til að yrkisréttarnefnd verði felld brott og verkefnum nefndarinnar fundin viðeigandi staður innan stjórnslunnar.

Með frumvarpinu er lagt til að starfsleyfis skylda, skráningar- og tilkynningarskylda fyrirtækja falli niður í ákveðnum tilfellum. Breytingarnar miða að því að léttu álögum af atvinnulífnum án þess að það sé á kostnað matvælaöryggis. Þá er lagt til að skipunartími verðlagsnefndar sé lengdur úr einu ári í fjögur ár í því skyni að gera störf nefndarinnar markvissari og skilvirkari í stað þess að endurskipa þurfi nefndina árlega.

Frumvarpið var samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu að höfðu samráði við Matvælastofnun og Umhverfisstofnun. Nánar er fjallað um samráð í 5. kafla.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í sáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að áttak verði gert í einföldun regluverks í þágu atvinnulífs og almennings og áhersla lögð á skilvirka og réttláta stjórnslu. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fundaði með nefnd forsætisráðherra um opinberar eftirlitsreglur vorið 2018. Á fundinum kynnti formaður nefndarinnar m.a. gagnagrunn frá fulltrúum atvinnulífsins í nefndinni, þar sem er að finna ábendingar atvinnulífsins varðandi reglubyrði gildandi laga.

Í minnisblaði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til ríkisstjórnar 1. júní 2018 kemur fram að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafi ákveðið að taka ábendingar og tillögur er lúta að málefnasviðum þess til skoðunar og taka afstöðu til þeirra. Jafnframt yrði leitast við að efla rafræna stjórnslu í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin samþykkti 24. maí 2018. Ráðuneytið sendi í kjölfarið bréf til stofnana og stjórnvalda sem sinna verkefnum á málefnasviðum ráðuneytisins til að kanna möguleika á einföldun og aukinni skilvirkni á verklagi og regluverki þeirra málaflokka. Óskað var eftir athugasemdum hvort heldur er varðar lagasetningu eða reglugerðarbreytingar, verkferla og verklag, rafrænar lausnir og rafrænar gáttir, sem til einföldunar og bóta gæti talist að mati viðkomandi stofnana og stjórnvalda.

Hinn 15. mars 2019 héldu ráðherrar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins fund með forstöðumönnum stofnana sem heyra undir ráðuneytið þar sem heildarendurskoðun á eftirlitsreglum ráðuneytisins var kynnt. Í kjölfarið sendi ráðuneytið bréf til stofnananna þar sem fram kemur að í upphafi myndi einföldun afgreiðsluferla vegna leyfisveitinga og bætt

þjónusta við leyfisumsækjendur hafa forgang. Hinn 18. júní 2019 skipuðu ráðherrar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins stýrihóp um endurmat eftirlitsreglna sem heyra undir málefna svið ráðuneytisins. Í stýrihópnum eiga sæti fulltrúar allra stofnana ráðuneytisins, þ.e. fulltrúar Matvælastofnunar, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Neytendastofu, Orkustofnunar og Samkeppniseftirlitsins.

Verkefni stýrihópsins eru eftirfarandi:

- afmarka og uppfæra tæmandi skrá yfir eftirlitsreglur ráðuneytisins,
- fylgja á eftir staðfestum verk- og tímaáætlunum stofnana,
- vera vettvangur, skoðanaskipta, upplýsingamiðlunar og samráðs við hagsmunaaðila,
- vera samstarfsvettvangur á milli stofnana þegar kemur að tillögugerð og innleiðingu rafrænna lausna.
- taka við og stuðla að samþættingu matsgerða frá stofnunum áður en þær eru lagðar fyrir ráðherrana,
- taka saman mánaðarlegt yfirlit yfir framgang verkefnisins.

Stýrihópurinn hóf störf í kjölfarið og hefur fundað í fjölmörg skipti. Stýrihópurinn hefur tekið saman skrá yfir eftirlitsreglur ráðuneytisins sem er forsenda markvissrar endurskoðunar á gildandi regluverki. Í því skyni að auka og efla þjónustu við almenning og fyrirtæki með rafrænum lausnum hefur stýrihópurinn unnið með verkefnastofu um stafrænt Ísland. Fulltrúar stýrihópsins hafa skilað ráðherrum verk- og tímaáætlunum en hefur auk þess verið falið að útbúa matsskýrslu þar sem hver eftirlitsregla er metin og stofnanir fjalli um tækifæri til hagræðingar eða einföldun regluverks. Fyrirhugað er að matsskýrslum verði skilað til ráðherra atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í apríl 2020.

Undanfarna mánuði hafa í ráðuneytinu verið að störfum tvö teymi um einföldun regluverks, þ.e. eitt teymi varðandi málefni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og annað teymi varðandi málefni ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Teymunum hafa verið falin þau verkefni að rýna regluverk á framangreindum málefna sviðum með einföldun að leiðarljósi auk þess að annast samskipti við stofnanir ráðuneytisins og hagsmunaaðila. Á grunni framangreinds hafa framangreind einföldunarverkefni á vegum ráðuneytisins verið dregin saman og unnin aðgerðaráætlun til næstu þriggja ára. Aðgerðaáætlun um einföldun regluverks á málefna sviði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er skipt í eftirfarandi þrjá áfanga:

- Í *fyrsta áfanga* er bandormur um breytingu á ýmsum lögum um matvæli, sem mælt var fyrir á Alþingi 4. nóvember 2019 og varð að lögum 17. desember 2019 (lög nr. 144/2019). Lögina snúa m.a. að einföldun regluverks. Með þeim voru tveir lagabálkar felldir brott og regluverk um matvælakeðjuna einfaldað. Í fyrsta áfanga fólst einnig afnám 1.242 reglugerða á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs.
- Í *öðrum áfanga* eru atriði sem vinna er þegar hafin að og gert er ráð fyrir að ljúki árið 2020. Má þar annars vegar nefna það frumvarp til breytinga á ýmsum lögum sem hér er ræðir og hins vegar breytingar á reglugerðum í því skyni að einfalda regluverkið.
- Í *þriðja áfanga* er að finna innleiðingu tillagna til einföldunar frá stýrihópi um endurmat eftirlitsreglna ráðuneytisins, sbr. framangreint. Gert er ráð fyrir að þriðja áfanga verði lokið eigi síðar en um mitt ár 2021.

3. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

- 13 lög verða felld brott í heild sinni.
- Afnema milligöngu ráðuneytisins og staðfestingar ráðherra með það að leiðarljósi að gera stjórnslu skilvirkari.
- Einfalda stjórnslu við merkingar sauðfjár.
- Fella brott lögbundið kerfi um flokkun og mat á gærum og ull.
- Fella brott lögbundið kerfi um gæðamat á æðardúni.
- Fella brott markanefnd, yrkisréttarnefnd, ullarmatsnefnd og gærumatsnefnd.
- Lengja skipunartíma verðlagsnefndar í því skyni að gera störf nefndarinnar markvissari og spara tíma við umsýslu vegna tilnefninga og skipunar nefndarinnar.
- Fella brott starfsleyfisskyldu matvælafyrirtækja sem starfrækja fiskeldisstöðvar og eru með gilt rekstrarleyfi, samkvæmt lögum um fiskeldi, vegna frumframleiðslu.
- Fella brott tilkynningarskyldu innflytjenda og framleiðenda fóðurs innan EES-svæðisins, að undanskildu lyfjablönduðu fóðri, fóðuraukaefnum og forblöndum þeirra.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið hefur hvorki gefið sérstakt tilefni til að meta samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, né aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Frumvarpið var samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Hinn 16. október 2019 héldu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ráðherra ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunar kynningarfund fyrir helstu hagsmunaaðila þar sem verkefni um einföldun regluverks var kynnt. Í kjölfarið voru send út bréf til hagsmunaaðila þar sem óskað var eftir frekari liðsinni við að tryggja einföldun regluverks og betri eftirlitsreglur í íslensku atvinnulífi. Í bréfinu var óskað eftir að ráðuneytinu yrðu sendar forgangsraðaðar umbótatillögur sem lúta að einföldun regluverks og skilvirkari framkvæmd gildandi leyfisreglna. Tillögur bárust m.a. frá Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og Bændasamtökum Íslands. Auk framangreinds óskaði ráðuneytið eftir umbótatillögum frá stofnunum sem heyra undir ráðuneytið.

Vinna við einföldun regluverks og frumvarp þetta er afrakstur víðtæks samráðs sem haft var við helstu hagsmunaaðila og stofnanir ráðuneytisins, svo sem Matvælastofnun, Bændasamtök Íslands og undirsamtök þeirra, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu o.fl.

Í athugasemdum Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi var lögð áhersla á að eftirlit með atvinnustarfsemi verði einfaldað, eftirlitsheimsóknnum fækkað hjá fyrirtækjum sem standa sig vel og þeim aðilum fækkað sem heimsækja fyrirtækin og líta eftir tilteknum þáttum í því skyni að draga úr kostnaði. Í því sambandi var m.a. bent á þann möguleika að fækka þeim tilvikum þá starfsemi væri leyfisskyld. Þannig séu dæmi um að auk almenns leyfis þurfi fyrirtæki sérstök leyfi til tiltekinna þátta starfsemi sinnar. Þann möguleika ætti að kanna að einungis sérstaklega áhættusöm starfsemi yrði leyfisbundin en önnur starfsemi háð tilkynningu, eftir því sem við ætti.

Ráðuneytið ræddi framangreindar tillögur við stofnanir sínar, einkum Matvælastofnun. Fram kom að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga gefi út þúsundir starfsleyfa og væri hugsanlegt að falla frá kröfum um starfsleyfi í þeim tilvikum og taka upp tilkynningar- eða skráningarskyldu. Á móti kunna að koma önnur sjónarmið. Um er að ræða tekjulind

sveitarfélaga, en innheimt er fyrir útgáfu starfsleyfa á grundvelli tíu mismunandi gjaldskráa heilbrigðisnefnda. Þá kunni viðbragðsflýtir stjórnvalda að verða minni, en á móti kemur hvernig búið yrði um skyldu til tilkynninga um starfsemi. Loks getur haft þýðingu að ekki verður mögulegt að svipta aðila starfsleyfi vegna brota á reglum. Á móti kemur að slíkt úrræði er lítið hagnýtt auk þess að önnur úrræði eru tæk, svo sem álagning sekta eða stöðvun starfsemi, sem þyrfti að skoða sérstaklega.

Af þessu tilefni athugast að árið 2012 skipaði umhverfisráðuneytið starfshóp um mögulegar útfærslur á framkvæmd við leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í greinargerð með lögum nr. 66/2017, um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, var vísað til vinnu starfshópsins, en þar segir:

[...] [M]ikilvægt [er] að endurskoða og leggja mat á þörfina fyrir að tiltekin starfsemi sé háð starfsleyfi. Í því samhengi þarf að skoða hvort aðrar leiðir en starfsleyfisveitingar séu mögulega færar til að ná fram markmiðum um mengunarvarnir og hollustuhætti, svo sem skráningarskylda. Fyrirtæki bera ábyrgð á að starfa í samræmi við gildandi löggjöf hverju sinni og hafa stjórnvöld m.a. það hlutverk að leiðbeina þeim um gildandi reglur. Telja verður að þeirri leiðbeiningarskyldu sé í einhverjum tilvikum unnt að sinna nógu vel án þess að starfsleyfisskylda sé til staðar. Stjórnvöld hafa síðan eftirlit með starfseminni til að ganga úr skugga um að hún sé í samræmi við löggjöfina. Með hliðsjón af framangreindu er í frumvarpinu lagt til að dregið verði úr vægi starfsleyfisskyldu og miðað við að einungis verði gerð krafa um að starfsemi sé starfsleyfisskyld þegar þess er þörf með tilliti til umfangs og eðli starfseminnar. Af þeim sökum er lagt til að ráðherra hafi heimild til þess að kveða á um að tiltekin starfsemi skuli háð skráningarskyldu í stað starfsleyfis. Verði frumvarpið að lögum er því gert ráð fyrir að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, í samvinnu helstu hagsmunaaðila, fari yfir og meti í hvaða tilvikum skráningarskylda geti komið í stað starfsleyfis.

Ráðuneytið telur rétt, á grundvelli meðal annars þessara athugasemda, að skoðað verði vel hvort unnt sé að fækka starfsleyfum og gera kröfu í staðinn um tilkynningar-eðaskráningarskyldu. Verður málið unnið nánar í framhaldi í samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga.

Sú athugasemd kom fram hjá Samtökum atvinnulífsins að ástæða gæti verið til að sameina heilbrigðiseftirlit í eina stofnun. Fram kom að opinbert eftirlit með matvælum sé á höndum 11 aðila og þekkt séu dæmi um mismunandi kröfur á milli umdæma. Fyrirtæki sem starfi víða um land geti ekki fengið eitt leyfi fyrir sína starfsemi þótt hún sé rekin eins og undir sama gæðakerfi alls staðar. Ýmiss önnur vandkvæði geti komið upp. Af þessu tilefni athugast að í skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis um Matvælastofnun frá árinu 2013 kemur fram að leggja þurfi mat á hvort matvælaeftirlit á Íslandi verði skilvirkara, hagkvæmara og árangursríkara ef það yrði sameinað á eina hendi. Hinir ýmsu aðilar hafa bent á ósamræmi í eftirliti þar sem opinbert eftirlit með matvælum er tvískipt og í höndum 11 mismunandi eftirlitsaðila. Einnig hefur verið bent á að eftirlit heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sé ekki að öllu leyti óháð enda séu starfsmenn nefndanna ráðnir af viðkomandi sveitarstjórnnum. Þá eru gjaldskrár heilbrigðisnefnda mismunandi eftir umdæmum sem leiðir til þess að kostnaður opinbers eftirlits á grundvelli laga nr. 93/1995, um matvæli, er mismunandi eftir landshlutum. Með vísan til þessa þykir rétt að núverandi eftirlitskerfi með matvælum og framleiðslu þeirra verði tekið til heildarendurskoðunar undir forustu ráðuneytisins í höfðu samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneyti og sveitarfélög.

Á meðal athugasemda Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi kemur fram að nauðsynlegt sé að skoða hvort rétt sé að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga sinni því hlutverki sem þeim er ætlað

varðandi frammistöðuflokkun matvæla fyrirtækja. Samkvæmt a-lið 2. gr. laga nr. 33/2018, um breytingu á lögum um matvæli o.fl., mun flokkun fyrirtækja eftir frammistöðu þeirra samkvæmt matvælaeftirliti verða birt neytendum opinberlega 1. janúar 2021. Í ráðuneytinu er unnið að undirbúningi innleiðingar á slíku kerfi og verður framangreind ábending tekin til umfjöllunar samhliða þeirri vinnu.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi benda á mikilvægi þess að framsetning reglugerða verði bætt þannig að auðveldara sé að fá heildarsýn yfir þær reglur sem gilda hverju sinni. Um árabíl hefur verið kallað eftir því að reglugerðir verði settar fram með skýrari hætti þannig að breytingar á reglugerðum verði felldar inn í stofnreglugerðir en þá aðferðafræði má t.d. sjá varðandi breytingar á lögum í Lagasafninu. Ráðuneytið hefur leitað leiða til þess að bregðast við framangreindum ábendingum og haft samband við fulltrúa Stjórnartíðinda sem m.a. annast birtingu reglugerða. Málið verður tekið til nánari skoðunar innan ráðuneytisins og þess verður óskað að málið verði unnið í samráði við dómsmálaráðuneytið.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi gera auk þess þá tillögu að eftirlitsdýralæknar Matvælastofnunar taki ekki þátt í að semja reglugerðir sem þeir framfylgja sjálfir í eftirliti. Við ritun reglugerða á málefna sviði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er í sumum tilvikum leitað til sérfræðinga stofnana sem heyra undir ráðuneytið í þeim tilgangi að afla nauðsynlegrar sérfræðiþekkingar á tilteknum sviðum. Umsjón með reglugerðarskrifum er þó ávallt í höndum sérfræðinga ráðuneytisins.

Bændasamtök Íslands og aðildarfélag þeirra skiluðu 16 ábendingum til ráðuneytisins. Má t.d. nefna ábendingar varðandi reglugerð um innflutning á djúpfrystu svínasæði, eftirlit Matvælastofnunar með fódri, um skyldu varðandi lokaða haugtanka í alifugarækt, loðdýraeldi og svínaeldi, um sölu bóluefnis og lyfja á heildsölu- og smásölustigi, varðandi legurými svína í svínabúum, ákvæði byggingarreglugerðar um gróðurhúsabyggingar, reglur um innflutning á plöntum, starfsleyfi til loðdýraeldis samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun o.fl.

Draga má saman þessar ábendingar og greina frá viðbrögðum með eftirfarandi hætti:

- Fimm ábendingar varða breytingar á reglugerðum sem teknar hafa verið til skoðunar í ráðuneytinu og brugðist verður við að nokkru leyti.
- Fimm ábendingar lúta að regluverki sem heyrir undir önnur stjórnvöld og verða slíkar ábendingar áframsendar til hlutaðeigandi stjórnvalda.
- Þrjár ábendingar varða breytingar á verklagi Matvælastofnunar sem ráðuneytið hefur óskað eftir að stofnunin taki til skoðunar með einföldun að leiðarljósi.
- Tvær ábendinganna lúta að eftirliti með fyrirtækjum og kostnaði vegna þess. Vísað er til fyrri umfjöllunar um fyrirhugaða heildarendurskoðun á núverandi eftirlitskerfi með matvælum og framleiðslu þeirra.
- Ein ábending varðar nauðsyn þess að regluverk tryggi að slátrun fái á hverjum tíma þrátt fyrir utanaðkomandi aðstæður eins og verkföll. Að mati ráðuneytisins er ekki unnt að gera slíkar breytingar þar sem regluverk gildir á hverjum tíma varðandi vinnudeilur og verkföll.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið felur í sér efnisbreytingar á gildandi rétti sem miða að því að einfalda regluverk í þágu atvinnulífs og almennings og auka skilvirkni stjórnsýslunnar. Áhrif frumvarpsins felast einkum í því að verkefni eru ýmist flutt til innan stjórnsýslunnar, einfölduð eða felld niður þannig að stjórnsýslan verður skilvirkari og marvissari. Þá er álögum létt af atvinnulífinu með

einföldun á regluverki í starfsumhverfinu og með niðurfellingu skráningar- og tilkynningarskyldu í ákveðnum tilfellum. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð og tilflutningur verkefna rúmist innan útgjaldaramma málefna sviðs 12.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að sú breyting verði gerð á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, að heimild til útgáfu leyfisbréfs til starfa sem dýralæknir verði færð til Matvælastofnunar, þar sem yfirdýralæknir starfar. Að auki verði aflétt skyldu dýralækna til að undirrita eiðstaf. Þá þykir með sama hætti rétt að heimild til að veita dýralæknanemum tímabundið leyfi til að starfa undir stjórn dýralæknis verði einnig færð til Matvælastofnunar. Breytingarnar eru gerðar í því skyni að stytta boðleiðir og gera stjórnslu skilvirkari. Þá er breytingin einnig til þess fallin að aðilar geta fengið umfjöllun á tveimur stjórnslustigum þegar við á.

Um 2. gr.

Með 8. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim er ráðherra heimilað að fengnum tillögum Matvælastofnunar að fyrirskipa hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu tilkynningarskyldra og skráningarskyldra sjúkdóma og til að afstýra hættu og tjóni af völdum útbreiðslu þessara sjúkdóma. Þetta er nánar afmarkað í reglugerð sem sett er með heimild í 2. mgr. 7. gr. laganna, nú reglugerð nr. 52/2014, um tilkynningarskylda og skráningarskylda dýrasjúkdóma.

Með greininni er lagt til að skýrt verði kveðið á um það í lögum með sama hætti að heimilt sé að grípa til aðgerða vegna sjúkdóma sem eru áður óþekktir, eða ekki er unnt að bera kennsl á og nauðsynlegt er talið að grípa til aðgerða til að verjast.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að verðlagsnefnd verði skal skipuð til fjögurra ára í senn í stað þess að kveðið verði á um að nefndin skuli fullskipuð 1. júlí ár hvert, en breytingin er til þess fallin að gera störf nefndarinnar markvissari og spara tíma við umsýslu vegna tilnefninga og skipunar nefndarinnar sem fer fram einu sinni á ári samkvæmt gildandi lögum.

Um 4. gr.

Með greininni er lagt til að tilkynningarskylda innflytjenda og framleiðenda fódurs innan EES-svæðisins sé felld niður, að undanskildu lyfjablönduðu fódri, fóduraukefnum og forblöndum þeirra. Tilkynningarskyldan helst þó hvað varðar innflutning og framleiðslu á áburði og sáðvöru, sem og öllu fódri sem flutt er inn frá ríkjum utan EES-svæðisins. Þannig er ferlið við eftirlit með þessum tilteknu fódurvörum frá ríkjum innan EES-svæðisins einfaldað. Jafnframt mun breytingin leiða til einföldunar og minna umfangs á vinnu innflytjenda við innflutning á fódri þannig að innflytjendum verður ekki gert að skrá fóður hjá Matvælastofnun né tilkynna um allar sendingar sem berast til landsins. Gert er ráð fyrir að áhrifin verði sambærileg hjá innlendum framleiðendum. Með breytingunni færast áherslan frá skjalaeftirliti yfir í markaðseftirlit með fódri og fódurfyrirtækjum.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til að starfsleyfi eftirlitsaðila skv. 1. mgr. 9. gr. laga um matvæli verði gefin út án tímabindingar en eftir sem áður verði heimilt að svipta eftirlitsaðila leyfi gerist hann brotlegur við ákvæði leyfisveitingar eða ef annars eru til þess skilyrði sem lýst er í 4. mgr. 9. gr. laga um matvæli. Með breytingunni þurfa matvælafyrirtæki ekki að sækja um endurnýjun á starfsleyfum sínum vegna óbreytts reksturs, með tilheyrandi kostnaði, heldur nægir að sækja um starfsleyfi í eitt sinn.

Jafnframt er með greininni lagt til að heimild til að veita undanþágu frá starfsleyfisskyldu vegna búfjárhalds sem ekki er í ábataskyni, verði flutt til Matvælastofnunar úr ráðuneytinu. Breytingin er gerð í því skyni að gera stjórnisýslu skilvirkari.

Þá er með greininni lagt til að í ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga um matvæli verði einnig kveðið á um að matvælafyrirtæki sem starfrækja fiskeldisstöðvar og eru með gilt rekstrarleyfi samkvæmt lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, þurfi hvorki starfsleyfi né að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína áður en hún hefst vegna frumframleiðslu. Með frumframleiðslu er átt við eldi fiska fram að slátrun. Þar sem framleiðsla matvæla við slátrun og frekari meðferð er starfsleyfisskyld skulu slíkir aðilar þó hafa starfsleyfi vegna slátrunar og vinnslu. Breytingin felur í sér einföldun fyrir matvælafyrirtæki sem starfrækja fiskeldisstöðvar þannig að rekstrarleyfi verður ígildi skráningar hjá Matvælastofnun og íþyngjandi krafa um útgáfu starfsleyfis fellur niður vegna þess þáttar starfseminnar sem fellur undir frumframleiðslu.

Um 6. gr.

Með greininni er lagt til að veita Matvælastofnun heimild til þess að afla umsagna hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár, í stað þess að sú heimild verði í höndum ráðherra. Breytingin er gerð í því skyni að stytta boðleiðir og gera stjórnisýslu skilvirkari. Gert er ráð fyrir að ráðherra staðfesti gjaldskrá Matvælastofnunar.

Um 7. og 8. gr.

Með greininum eru lagðar til tvær breytingar á lögum nr. 55/2013, um velferð dýra. Annars vegar er lagt til að ráðherra verði ekki skylt að staðfesta reglur sveitarstjórna um framkvæmd endurgreiðslna vegna aðstoðar við dýr samkvæmt því sem segir í 4. sbr. 1. mgr. 7. gr. laganna. Hins vegar að felld verði niður tilkynningarskyldu til Umhverfisstofnunar vegna gildruveiði á minkum. Þykja þessi ákvæði ekki þjóna tilgangi í framkvæmdinni og breytingarnar til þess fallnar að auka skilvirkni í stjórnisýslunni.

Um 9. gr.

Með greininni er mælt fyrir um að fjallskilasamþykktir öðlist gildi við birtingu en með þessu er lagt til að stjórnir fjallskilaumdæma (héraðsnefnd/sveitarstjórn eða eftir atvikum sveitarstjórnir sameiginlega) annist sjálfar birtingu samþykktu þessara. Þá er um leið lagt til að ákvæði falli brott um að ráðuneytið skuli gæta þess að ákvæði þeirra fari eigi í bága við lög (lögmatiseftirlit). Til eru samþykktir um fjallskil og afréttarmálefni í flestum héruðum landsins, þar sem sameignarafréttum eða upprekstrarheimalöndum er til að dreifa. Yfirlit um gildandi fjallskilasamþykktir eru í landsmarkaskrá, sem ráðuneytið gefur út. Sjö slíkar samþykktir hafa verið yfirfarnar, staðfestar og birtar af ráðuneytinu á árunum 2012-2018.

Þessi tillaga var kynnt Bændasamtökum Íslands sem oftlega hafa gefið umsagnir um drög að fjallskilasamþykktum fyrir ráðuneytið. Samtökin gera ekki athugasemdir við að staðfesting

ráðherra á fjallskilasamþykktum sé lögð af, en telja eftir sem áður að nauðsynlegt sé að tryggt verði að stjórnir fjallskilaumdæma leiti umsagnar eða atbeina Bændasamtaka Íslands áður en lokaákvörðun um breytingar á fjallskilasamþykktum er tekin. Samtökin búa yfir mikilli þekkingu á málaflöknum þannig að það getur komið í veg fyrir margs konar vandkvæði í framkvæmd fjallskila. Ekki þykir þó rétt að mæla fyrir um slíkt samráð í lögumum, m.a. þar sem greitt er fyrir slíka þjónustu af gjaldskrá auk þess að ekkert girðir fyrir að sjálfstæðir ráðgjafar veiti líka þjónustu.

Til umræðu kom við Bændasamtök Íslands hvort ástæða gæti verið til að gefa út almennar leiðbeiningar um samningu fjallskilasamþykktu og var það sameiginlegt álit að ekki sé rétt að gera tillögu um það, þar sem aðstæður eru mjög mismunandi eftir héruðum og því ekki raunhæft að gefa út slíkar almennar leiðbeiningar.

Um 10. gr.

Með þessari grein er lagt til að látið verði af skyldu til eyrnamörkunar. Sú venja er gömul hér á landi að búfé sé eyrnamarkað þannig að unnt sé að draga það í sundur til hjarðar eftir mörkum en það tengist afréttaskipulagi landsins. Með nýjum tegundum merkinga, plötumerkjum, er ekki sama þörf og áður á eyrnamörkum eða brennimarki. Þó er það svo að ef plata fer úr, svo sem getur gerst af ýmsum ástæðum, t.d. við flutninga eða ágang bitvargs, er áfram dregið eftir eyrnamörkum. Í 64. gr. laga nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. að við sönnun á eign á búfé sé örmerki réttthæst, þar næst frostmerki, síðan brennimark, þá plötumerki og síðast eyrnamark. Nánari ákvæði um merkingar eru í reglugerð nr. 916/2012, um merkingar búfjár, og vísast til þess sem þar er kveðið á um.

Með greininni er lagt til að selt verði í vald einstakra bænda að ákveða hvort þeir eyrnamerki fjárstofn sinn. Ætla má að nokkur vinnusparnaður geti hlotist af því að láta af skyldu til eyrnamerkinga, en erfitt er að ætla hvað hann gæti verið mikill, þar sem óvíst er hversu margir munu kjósa að nota ekki eyrnamörk. Í ljósi þróunar í dýravelferð þykir auk þess rétt að stuðla að því að lömb séu laus við vanlíðan og sársauka, sbr. 1. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

Um 11. gr.

Með greininni er lagt til að heimilt verði að fela öðrum aðila en Bændasamtökum Íslands að hafa umsjón með samræmingu og gerð nýrra markaskráa og upptöku nýrra marka. Kemur hér til álita t.d. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, búgreinasamtök eða sú deild í ráðuneytinu sem fer með landbúnaðarmál.

Um 12. og 13. gr.

Með a. lið greinarinnar er lagt til að verkefni svonefndrar sauðfjársjúkdómanefndar verði lögð til Matvælastofnunar, sem sinnir málefnum sem áður féllu til nefndarinnar þ.m.t. vörnum gegn sauðfjársjúkdómum og viðhaldi varnarlína. Þá er með greininni lagt til að svonefnd markanefnd verði lögð af. Lítil virkni hefur verið í markanefnd á síðustu árum en frá árinu 2013 hafa nefndinni borist 3 erindi. Með breytingunum verða ákvarðanir markavarða endanlegar en til þess að taka af vafa þykir rétt að taka fram að úrskurð markavarðar um svo hreinan einkaréttarlegan ágreining sé ekki unnt að bera undir ráðuneyti til úrskurðar.

Um 14. gr.

Með greininni er lagt til að fullnaðarvald til að veita heimild til þess að heimila innflutning á loðdýrum, frjóvguðum alifuglaeggjum, fiskum og erfðaefti þeirra, svínnum og erfðaefti

þeirra sem og erfðaefnis holdanautagripa verði hjá Matvælastofnun, í stað þess að ráðuneytið gefi út leyfin að fenginni umsögn stofnunarinnar. Að mati ráðuneytisins er það til þess fallið að stytta málsmeðferðartíma og einfalda stjórnsýslu.

Um 15. gr.

Með greininni er lagt til að yrkisréttarnefnd verði lögð niður og verkefni hennar verði færð til Matvælastofnunar. Stofnunin er vel í stakk búin til að takast á hendur verkefni nefndarinnar en hjá Matvælastofnun starfar plöntusjúkdómasérfræðingur auk þess að stofnunin starfrækir rafræna þjónustugátt, sem nýst getur fyrir starf nefndarinnar. Við framkvæmd laganna þarf þó að hafa samráð við aðrar stofnanir, einkum Hugverkastofu, vegna þekkingar á hugverkarétti, og Landbúnaðarháskóla Íslands, vegna þekkingar á ræktun og kynbótum nytjaplantna. Lítil virkni hefur verið í yrkisréttarnefnd á síðustu árum en þó hafa borist 1-2 erindi á ári til nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að kostnaður af þessu verkefni verði leystur innan núverandi fjárheimilda Matvælastofnunar.

Um 16. gr.

Með greininni er lagt til að felld verði úr gildi eftirfarandi lög í heild sinni.

Lög nr. 79/1935, um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenskra afurða. Lög þessu eru fyrnd og eru raunar ekki birt í vefútgáfu Lagasafnsins.

Lög nr. 123/1935, um gelding húsdýra. Lögin eru einnig fyrnd og ekki birt í vefútgáfu Lagasafnsins. Sett ákvæði um þetta efni eru nú í lögum um velferð dýra.

Lög nr. 20/1943, um búfjártryggingar. Með lögunum var mælt fyrir um starfrækslu sérstakrar deildar við Brunabótafélag Íslands um vátryggingar búfjár. Lögin eru fyrnd.

Lög nr. 30/1947, um að tryggja manneldisgildi hveitis. Með lögunum var mælt fyrir um heimild ráðherra, að fengnum tillögum svonefnds manneldisráðs, til að skipa fyrir með reglugerð um ráðstafanir til að tryggja sem best manneldisgildi hveitis, sem selt er á íslenskum markaði. Ákvæði laganna eru fyrnd, en nú eru sett ákvæði um þetta málefni að finna m.a. í matvælalöggjöf.

Lög nr. 15/1962, lög nr. 31/1969 og lög nr. 33/1979 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Lögin eru ekki birt í vefútgáfu Lagasafnsins. Með þeim var veðdeild Búnaðarbanka veitt aukin heimild til lánveitinga til bænda vegna fjárhagserfiðleika vegna fjárfestinga á jörðum. Lögin eru fyrnd.

Lög nr. 105/1978, um greiðslu verðjöfnunargjalds af sauðfjárafurðum. Lögin eru ekki birt í vefútgáfu Lagasafnsins. Þau vörðuðu fjárhagsráðstafanir vegna sauðfjárræktarinnar árið 1977. Lögin eru fyrnd.

Lög nr. 112/1989, um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar. Lögin eru ekki birt í vefútgáfu Lagasafnsins. Með þeim var mælt fyrir um heimild ríkissjóðs til að gangast í ábyrgðir fyrir lánnum sem loðdýrabændur mundu taka í stað lausaskulda sem féllu til á árunum 1986–1989. Lögin eru fyrnd.

Lög nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull. Lögin varðameðferð og mat á gærum og ullen ekki þykir ástæða lengur til að hafa í gildi sérlög um málefnið. Svonefnd gærumatsnefnd, sem starfa skal samkvæmt lögunum, hefur ekki starfað um árabíl. Með sama skapi er ekki þörf á sérstakri ullarmatsnefnd, sem ætlað er að úrskurða um ágreining um ullarmat. Má í þessu sambandi athuga að sláturleyfishöfum og þeim sem vinna úr gæru og ull hefur fækkað mikið frá því lögin voru sett. Lögin eru því úrelt, en það verður áfram í höndum framleiðenda að tryggja gæði framleiðslu sinnar, án atbeina hins opinbera.

Lög nr. 130/1994, um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda. Svo sem ráða má af heiti þessara laga vörðuðu þau stofnun Bændasamtaka Íslands á sínum tíma. Ákvæði laganna hafa því fyrir löngu komið til framkvæmdar og óþarft að láta þau standa í Lagasafninu til lengri tíma. Lögin eru því fyrnd. Þó má geta þess að í þeim er mælt fyrir um tilteknar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs, en sú skylda mun að sjálfsögðu ekki rakna upp verði lögin felld úr gildi.

Lög nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Með lögnum var komið á þessu átaksverkefni sem nú er lokið fyrir nokkru. Lögin eru því fyrnd.

Lög nr. 52/2005, um gæðamat á æðardúni. Samkvæmt lögnum skal allur æðardúnn metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum eftir fullhreinsun og áður en kemur til dreifingar á innanlandsmarkaði eða til útflutnings skal liggja fyrir gæðamat dúnmatsmanns með vottorði. Markmið laganna var að tryggja lágmarksgæði og þannig hærra afurðaverð fyrir útfluttan æðardún. Í reglugerð nr. 350/5011, um gæðamat á æðardúni, er kveðið nánar á um framkvæmd matsins, starfsskyldur dúnmatsmanna og sjálft gæðamatið. Lögskipaðir dúnmatsmenn á árunum 2016-2021 eru 11 talsins en hið lögbundna mat gengur út á að fullhreinna æðardún og að hann innihaldi hvorki ryk né aðskotahluti.

Æðardúnn er vara sem býr yfir einstökum eiginlegum en um leið byggja nýttar hans á fornum verkunaraðferðum, dýravernd og afar sérstöku sambandi manns og náttúru. Nauðsynlegt þykir að líta svo á að ekki sé einungis um að ræða hrávöru til útflutnings sem þurfi að tryggja að uppfylli tilteknar lágmarkskröfur. Árið 2013 kom út norsk skýrsla um framleiðslu æðardúns í Noregi, Færeyjum, á Íslandi og Grænlandi sem byggði á sex ára samstarfsverkefni fulltrúa framangreindra ríkja. Í skýrslunni kemur m.a. fram að raunveruleg gæði æðardúns lúta ekki að hreinsun hans (ryki og aðskotahlutum) heldur þáttum eins og einangrunargildi, viðloðun (e. *cohesion*) og fyllingu (e. *resilience*). Í skýrslunni er jafnframt gerð grein fyrir mikilvægi mælanleika þessara þátta og vísbendingum í þá veru að mismunandi verkunaraðferðir hafi áhrif á gæðaeiginleika. Með vísan til framangreinds er talið mikilvægt að fylgja þessum vísbendingum eftir, þróa verkunaraðferðir m.t.t. þeirra og meta þýðingu þeirra fyrir vöruþróun og notkun æðardúns.

Gæðavottun laganna er í stórum dráttum sniðin að 40-50 ára gömlum viðskiptaháttum sem setur starfseminni óeðlilegar skorður. Atvinnugreinin hefur verið í sókn undanfarin ár og hefur áhugi á að taka þátt í fullvinnslu æðardúns farið vaxandi enda hafa æ fleiri gert sér grein fyrir mikilvægi dúntekju fyrir náttúruvernd, ferðaþjónustu og þjóðlífið almennt. Samtímis er mikilvægt og eftirsóknarvert að stjórnvöld búi atvinnugreininni nútímalegt starfsumhverfi sem gerir henni kleift að vaxa og dafna.

Með vísan til framangreinds er talið rétt að fella brott lögbundið kerfi um gæðamat á æðardúni. Breytingarnar eru til þess fallnar að létta álögum af atvinnugreininni og skapa aukin tækifæri til framþróunar. Með breytingunum verður mat dúnmatsmanna aflagt en Matvælastofnun mun hins vegar áfram annast útgáfu heilbrigðisvottorða, sbr. lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Breytingarnar eru því einnig gerðar í því skyni að auka skilvirkni í stjórnarsýslu í þágu atvinnulífs og almennings. Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun ábyrgð á gæðum æðardúns verða í höndum framleiðenda sjálfra líkt og almennt viðgengst í atvinnulífinu. Til skoðunar kann að koma að framleiðendur setji gæðastaðal fyrir æðardún á grundvelli mælanlegra eiginleika með það að markmiði að framleiðendur eða aðilar á þeirra vegum annist gæðamat og vottun á æðardúni. Verði lögin samþykkt verður einnig felld úr gildi reglugerð nr. 350/2011 um gæðamat á æðardúni.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. febrúar 2020
Tilvísun: 2020020326

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á drögum að frumvarpi til laga á sviði matvæla - mál nr. 38/2020.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum á málefna sviði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra vegna einföldunar regluverks og stjórnsýslu (lög á sviði landbúnaðar og matvæla).

Einstaka greinar vekja ekki athygli á þessu stigi fyrir utan 5. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur í lið e. að frumframleiðsla matvælafyrirtækja sem starfrækja fiskeldisstöðvar þarfnist ekki starfsleyfis né að tilkynna þurfi Matvælastofnun um að hefja skuli slíkan rekstur. Í greinargerð varðandi þessa grein kemur fram sú tillaga að matvælafyrirtæki sem starfrækja fiskeldisstöðvar og eru með gilt rekstrarleyfi skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi sem Matvælastofnun gefur út þurfi hvorki starfsleyfi né að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi áður en hún hefur rekstur. Í lögum um fiskeldi kemur fram að bæði þurfi starfsleyfi Umhverfisstofnunar og síðan rekstraleyfi Matvælastofnunar. Það liggur ljóst fyrir að óþarfi er að fyrirtæki tilkynni Matvælastofnun um reksturinn sem gefur út rekstarleyfi ef ljóst er að sækja þurfi um rekstrarleyfi áður en rekstur hefst. Hins vegar þarf að útskýra betur hvað felst í því sem fram kemur í greinargerðinni þar sem segir "þurfi hvorki starfsleyfi né að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína áður en hún hefst vegna frumframleiðslu." HER telur mjög óljóst hvernig umhverfisþættir reksturs fiskeldisstöðva og eftirliti með honum verður háttáð ef starfsleyfisskyldan fellur brott. Matvælastofnun hefur ekki að því er HER kemst næst, sérþekkingu í þeim málaflokki og bendir líka á að aðkoma heilbrigðisnefnda sveitarfélaga var skert er varðar þann þátt 2015 þegar Umhverfisstofnun var fært það eftirlit og starfsleyfisútgáfu sem Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) hafði áður. Ræða má á frekar þann gjörning m.t.t. einföldunar, hagkvæmni, umhverfisgæða o.fl. Fiskeldi er mengandi starfsemi og getur haft umtalsverð umhverfisáhrif, því er nauðsynlegt að hafa eftirlit með starfsemi og setja henni skilyrði er varðar þann þátt. Frekari skýringa er þörf á þessari breytingu og áhrifum hennar.

HER vill almennt taka undir það sem kemur fram í greinargerðinni, að allt sem getur orðið til raunverulegrar einföldunar, á að taka upp, þ.á.m. aukna rafræna stjórnsýslu. Í inngangi greinargerðarinnar kemur fram að fækka eigi nefndum í því skyni að einfalda og auka skilvirkni, en ekki kemur fram hvaða nefndir er um að ræða. Í kafla greinargerðarinnar um samráð kemur fram að ráðuneytið hafi sent bréf til stofnana og stjórnvalda "sem sinna verkefnum á málavæðum ráðuneytisins" um ýmislegt sem gæti komið til einföldunar en HER kannast ekki við að hafa fengið slíkt erindi frá ráðuneytinu sem er annað af tveimur fagráðuneytum HES. Fram kemur einnig að myndaður var stýrihópur sem í eiga sæti "allra" stofnana ráðuneytisins. Hjá HES er mest þekking á þeim málaflokkum sem þar eru og hefði HER þótt eðlilegt að leita í smiðju þeirra líka þar sem ýmislegt er í kaflanum sem snertir verksvið HES. Stýrihópurinn hefur heldur ekki leitað til HES þó að vettvangur hans sé m.a. samráðsvettvangur milli stofnana og varðar hlutverk hans ýmislegt sem snertir verkefni HES. Jafnframt kemur fram að víðtækt samráð hafi verið haft við hagsmunaaðila, en eins og áður sagði hafa stofnanir HES sem eru með víðtækt hlutverk skv. matvælalögum HES ekki fengið aðkomu að því. Í kaflanum er síðan rakinn langur ferill umhverfis- og auðlindaráðuneytis til að breyta lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir í þá veru að meta þörfina á að



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

fella niður starfsleyfissskyldu fyrirtækja undir eftirliti HES og taka upp skráningarskyldu í staðinn. Sú vegferð er í nokkru uppnámi að mati HER og er skorað á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að kynna sér það mál vel og umsagnir HES um það ásamt umsögnum Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Helsta vandamálið varðandi þá leið sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið boðar er stóraukið flækjustig. Í kaflanum koma fram gamalkunn sjónarmið ákveðinna aðila um meint ósamræmi í eftirliti og eftirliti á mörgum höndum. HER telur að lítils sannmælis gæti í slíkum málflutningi og eins að lítið sé hlustað á HES er þetta varðar. Framsetning um að HES sé ekki "að öllu leyti óháð enda séu starfsmenn nefndanna ráðnir af viðkomandi sveitarstjórnnum" er óskiljanleg með öllu og þarf að gera betur grein fyrir hvað við er átt með rökstuðningi. Því fagnar HER því sem kemur fram að heildar endurskoða eigi fyrirkomulag matvælaeftirlits í landinu og þá að sjálfsögðu gerð krafa um að HES komi þar að.

HER áskilur sér rétt að koma með athugasemdir á síðari stigum og er tilbúið að koma og skýra mál sitt frekar, áður en lengra verður haldið.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir
Frankvæmdastjóri